

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1841**  
**komudagur 20.4.2012**

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Þórshöfn 20. apríl 2012

**Efni:**

**Umsögn sveitarstjórnar Langanesbyggðar um þingmál nr. 657, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.**

Vísað er til tölvubréfs, dags 29. mars 2012, frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Langanesbyggðar um ofangreint þingmál.

**Almennt um frumvarpið**

Það er að mati sveitarstjórnar Langanesbyggðarforkastanlegt að lagt skuli fram frumvarp sem vegur með jafn grófum hætti að velferð íbúa landsbyggðarinnar, enda mun frumvarpið leggjast þingst á þær byggðir á landsbyggðinni sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi.

**Um Langanesbyggð**

Undanfarin ár hefur atvinnulíf í Langanesbyggð staðið í miklum blóma. Ísfélag Vestmannaeyja hefur fjárfest verulega í uppbyggingu fiskvinnslu á Þórshöfn og störfum hefur fjölgað jafnt og þétt, bæði við fiskvinnslu sem og afieiddum störfum. Einsýnt er að svigrúm það sem fólgið er í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi gerir Ísfélagi Vestmannaeyja kleyft að byggja upp hagkvæma rekstrareiningu á Þórshöfn, fjárfestingu sem lagt er í með langtímahagsmuni að leiðarljósi, bæði hagsmuni félagsins og byggðarinnar.

Þá er rekin á Þórshöfn öflug útgerð, sem gerir út bátinn Geir ÞH, sem sér fjölmörgum fjölskyldum í sveitarfélaginu farborða, en útgerðin hefur á undanförunum árum fjárfest mjög í aflaheimildum til að styrkja rekstrargrundvöll sinn.

Einnig rekur fiskvinnslufyrirtækið Toppfiskur myndarlega fiskvinnslu og -þurrkun á Bakkafirði sem skapar fjölda starfa á staðnum.

Jafnframt eru í sveitarfélaginu fjölmargar útgerðir smærri aflamarksbáta sem veita eigendum sínum og öðrum tryggja atvinnu.

Næg og stöðug atvinna hefur styrkt innviði alls samfélagsins; íbúum hefur fjölgað, þjónustustig hefur hækkað og nýverið var ákveðið að ráðast í nýbyggingar íbúða til að bregðast við viðvarandi og fyrirjáanlegum húsnæðisskortri á Þórshöfn. Í bígerð er að byggja nýjan leikskóla vegna þess að núverandi leikskóli er orðinn of lítill en hlutfall barnafjölskyldna er hærra en landsmeðaltal. Stöðugleiki, ásamt dugnaði og skynsemi, hefur því á löngum tíma skapað uppgang í Langanesbyggð, uppgang sem byggður er á virðingu við og skilningi á sjávarauðlindinni en ekki væntingum um skyndigróða, líkt og hinn svokallaði „uppgangur“ sem varð á höfuðborgarsvæðinu í lok síðasta áratugar. Uppgangurinn hefur einnig smitað út frá sér til nærsveitarfélaganna í formi beinnar vinnu við sjávarútveginn og þjónustu, m. a. vegna betri samgangna.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

– **8. grein**

*Greinin mælir fyrir um skiptingu heildarafla í tvo flokka aflahlutdeilda.*

Sveitarstjórn Langanesbyggðar varar við þeirri útfærslu á skiptingu aflahlutdeilda sem hér er lögð fram, enda er vandséð að þær byggðatengdu ráðstafanir sem greinin fjallar um, þ.e. ráðstöfun aflamarks til kvótapiðs, strandveiða, byggðakvóta og línuvinnunar dagróðrabáta, styðji þau markmið laganna að stuðla að farsælli samfélagsþróun, treysta atvinnu og byggð í landinu, hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og skapa arðsaman sjávarútveg. Þvert á móti telur sveitarstjórn Langanesbyggðar að skipting heildarafla í tvo flokka muni verulega draga úr aflaheimildum í sveitarfélaginu, enda muni útgerðaraðilar í sveitarfélaginu hafa takmarkaða möguleika á að fá úthlutað aflaheimildum úr flokki 2 til móts við þær heimildir sem þeir fengu við óbreytt kerfi. Þannig muni heimildir flytjast í auknum mæli frá sjávarútvegsplassum á borð við Þórshöfn, þar sem núverandi veiðiheimildir skapa mikla og trausta atvinnu eins og áður er rakið, til byggðarlaga sem minni heimildir hafa og þar sem ekki hefur verið byggð upp öflug og dýr fiskvinnsla. Það ónýtir þá miklu hagræðingu sem gerð hefur verið í sjávarútveginum í heild og rýrir hagkvæmni þeirra fjárfestinga sem ráðist hefur verið í. Skerðing á aflaheimildum þeirra sem stunda útgerð í Langanesbyggð, sem fólgin er í fyrirbyggjandi frumvarpi, mun hafa veruleg áhrif á afkomu útgerðanna og þ.a.l. sveitarfélagsins í heild, til hins verra. Sveitarstjórn Langanesbyggðar fær ekki skilið sanngirnina í þeirri aðgerð ríkisvaldsins að rýra atvinnumöguleika íbúa sveitarfélagsins með því taka veiðiheimildir af útgerðum sem skapa atvinnu og tekjur í sveitarfélaginu, til þess að færa þær öðrum.

– **9. grein.**

*Greinin fjallar um úthlutun aflahlutdeilda vegna nýrra stofna nytjafiska sem takmarka þarf veiðar á.*

Greinin veitir ráðherra heimild til að stjórna veiðum á grundvelli stærðar eða gerðar skips, veiðiaðferða, búnaðar, svæða, heimahafnar skips og útbreiðslu stofna. Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur að greinin gefi ráðherra þannig afar mikið en um leið afar óljóst vald til að ráðstafa veiðiheimildum á nytjastofnum á borð við makríl eftir eigin geðþótta. Skýra þarf reglur með mun greinilegri hætti og takmarka ráðherravald, svo ekki skapist hætta á að heimildum verði úthlutað á pólitískum forsendum. Veiðar og vinnsla á makríl hefur undanfarin ár verið stór hluti af starfsemi Ísfélagsins Vestmannaeyja á Þórshöfn og skapað fjölda starfa, með beinum og óbeinum hætti, og verulegar tekjur fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Það er mat sveitarstjórnar Langanesbyggðar að grein frumvarpsins stefni þessari starfsemi og uppbyggingu í tengslum við hana í voða.

– **11. grein**

*Greinin fjallar um nýtingarleyfi sem heimila eigenda fiskiskips að stunda veiðar samkvæmt lögnum.*

Greinin kveður á um að nýtingarleyfi verði gefin út til 20 ára. Að mati sveitarstjórnar Langanesbyggðar er hér um of stuttan tíma að ræða, auk þess sem ekki liggur nægjanlega ljóst fyrir hvað tekur við að þessum tíma loknum og skilur handhafa nýtingarréttarins eftir í mikilli óvissu. Þá vekur furðu að nýtingarréttur sjávarauðlindarinnar er veittur til skemmri tíma en annarra auðlinda í eigu þjóðarinnar, s.s. orkuauðlinda, án þess að rök séu færð fyrir slíku. Í greininni kemur fram að nýtingarleyfin breytast í hreinan nýtingarrétt að loknum 20 árum, án framsalsmöguleika. Ekki er hinsvegar að sjá hvaða tilgangi það á að þjóna en það mun hinsvegar örugglega eyða hagræðingarmöguleikum sjávarútvegsfyrirtækjanna með

tilheyrandi óvissu fyrir íbúa sjávarbyggðanna. Ráðherra virðist þannig geta ákveðið það frá ári til árs hve mikið er tekið úr flokki 1 og sett yfir í flokk 2 sem skapar mikla óvissu fyrir þau fyrirtæki og sveitarélög sem byggja sitt viðurværi á aflaheimildum úr flokki 1.

– **17., 18. og 19 grein**

*Greinarnar fjalla um kvótapiing Fiskistofu um viðskipti með aflamark, aflamark til ráðstöfunar og ráðstöfun aflamarks til kvótapiings.*

Samkvæmt 19. grein verður tekjum sem verða til við ieigu aflamarks á Kvótapiingi ráðstafað í sérstakan sjóð á vegum ráðherra. Úthlutun úr sjóðnum verður samkvæmt reglum sem ráðherra ákveður. Sveitarstjórn Langanesbyggðar varar mjög við þessari leið, sbr. umsögn um grein 8 hér að ofan. Í greininni segir að 40% af leigutekjum verði ráðstafað til sveitarfélaga en hinsvegar er þess hvernig getið hvernig þeirri úthlutun verður háttáð eða við hvað verður miðað. Enn skapast því hér hætta á pólitískum áhrifum á úthlutunina, enda ráðherra falið vald til að setja reglur um hana. Það er því mat sveitarstjórnar Langanesbyggðar að tilraunir til ráðstöfunar aflamarks með þeim hætti sem frumvarpið kveður á um séu dæmdar til að mistakast. Pólitísk afskipti og óvissa muni síður en svo auka nýliðun og þaðan af síður stuðla að eða treysta atvinnu og byggð. Þá mun þessi leið draga úr hvata til góðrar og skynsamlegrar umgengni um auðlindina, enda ýtir fyrirkomulagið undir skammtímahugsun varðandi nýtingu heimildanna.

– **20. grein**

*Greinin fjallar um strandveiðar.*

Samkvæmt greininni verður haldið áfram að flytja aflaheimildir frá útgerðum stærri skipa og báta, í svokallaðan strandveiðipott. Það er mat sveitarstjórnar Langanesbyggðar að þannig sé verið að flytja tekjur og tekjumöguleika frá sjómönnum sem hafa sjómennsku sem aðalstarf til m.a. „frístundaveiði“ sem stunduð er á sumrin, oft af fólki sem vinnur önnur aðalstörf. Með því næst ekki fram nýliðun í sjávarútvegi, líkt og er yfirlýst markmið strandveiða. Skerðing á kvóta stærri fiskiskipa, sem eru grundvöllur heilsárs fiskvinnslu víða um land, m.a. á Þórshöfn, mun ógna mjög atvinnuöryggi fiskvinnslufólks því það er engin trygging fyrir því að afla smábáta sé landað til vinnslu í heimahöfn og víða er nánast öllum afla smábáta ekið burt til vinnslu annars staðar á landinu.

### **Áhrif á Langanesbyggð**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna frumvarps sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða. Er einsýnt að verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd mun það hafa veruleg og neikvæð áhrif á atvinnuþróun í Langanesbyggð sem og öðrum byggðum landsins sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi.

Máli sínu til stuðnings vísar sveitarstjórn Langanesbyggðar til greinargerðar sem Daði Már Kristófersson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, og Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, unnu um frumvarpið að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Þar kemur fram að frumvarpið muni ekki stuðla að eflingu þeirra sjávarbyggða sem hafa átt í vök að verjast í núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi, heldur haldi hnignun þeirra áfram. Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur að þar að auki muni frumvarpið vega að þeirri uppbyggingu sjávarbyggða sem hafa haldið sjó og eflst á undanförunum árum, s.s. sjávarbyggðir á borð við Þórshöfn. Engum dylst að íbúar Langanesbyggðar hafa sannarlega notið rentunnar af sjávarauðlindinni á undanförunum árum, í formi atvinnu og skatttekna. Það hefur skapað uppgang í sveitarfélaginu, fólki fjöggar og ungar fjölskyldur festa kaup á húsnæði með framtíðar búsetu í huga. Frumvarpið aftur á móti vegur að

Þessu starföryggi og framtíðarsýn íbúanna, því í því felst óvissa og óöryggi sem veldur hvergi meiri usla en í byggðum á borð við Þórshöfn.

Það er að mati sveitarstjórnar Langanesbyggðar forkastanlegt að lagt skuli fram frumvarp sem vegur með jafn grófum hætti að velferð íbúa landsbyggðarinnar, því frumvarpið og afleiðingar þess munu leggjast þyngst á þær byggðir á landsbyggðinni sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem samþykkt var á Alþingi sl. haust skerti t.a.m. veiðiheimildir Ísfélags Vestmannaeyja um 700 þorskígildistonn. Verði hið nýja frumvarp að lögum skerðast veiðiheimildir félagsins um 1.300 tonn til viðbótar. Ljóst er að skerðing veiðiheimilda upp á 2.000 þorskígildistonn mun hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins, bæði á Þórshöfn og í Vestmannaeyjum, starfsmönnum þess mun fækka og umsvif minnka.


Í frumvarpinu er til umfjöllunar fjöregg þjóðarinnar, lang mikilvægasta útflutningsatvinnugrein hennar. Það er vandséð að frumvarpið muni ná fram nokkrum af þeim markmiðum sem boðuð eru í upphafi þess. Líkur eru á að þjóðin, eigandi sjávarauðlindarinnar við Ísland, mun ekki njóta rentunnar af auðlindinni nái frumvarpið fram að ganga, því skattækjur ríkisins af henni munu trauðla aukast í því óhagræði sem frumvarpið boðar. Hinsvegar munu völd færast í auknum mæli til ríkisins frá markaðsöflunum.


Sveitarstjórn Langanesbyggðar óttast að fyrirkomulag það sem frumvarpið boðar við stjórn fiskveiða, leiði ekki aðeins til óhagræðis og sóunar, heldur einnig pólitískrar spillingar. Frumvarpið vegur jafnframt að heilu byggðalögunum, starfsöryggi fiskvinnslufólks, sjómanna og útgerðarfyrirtækja sem eru burðarásar búsetu á landsbyggðinni og þar með kjörum þeirra fjölskyldna sem eiga afkomu sína undir fiskveiðum og vinnslu.

**Það er þess vegna krafa sveitarstjórnar Langanesbyggðar að frumvarpið verði dregið til baka og unnið að nýju.**

Með vinsemd og virðingu,

F.h. sveitarstjórnar Langanesbyggðar

  
Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar  
Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri

  
Siggeir Stefánsson, oddviti